



# Jafnréttisstarf

## í Menntaskólanum að Laugarvatni

### skólaárið 2018-2019

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

*Karen Dögg Bryndísardóttir*

*Laugarvatni, júní 2019*

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Fundir .....	2
Mímingur.....	3
Kvemel og Kamel.....	3
Leikritið .....	4
Útvarp Benjamín .....	4
Hinsegin vika .....	4
Dansað gegn ofbeldi .....	5
Kyngreindar upplýsingar .....	7
Nemendur – kynjahlutföll .....	7
Nefndir og ráð - kynjahlutföll.....	9
Starfsfólk og kennarar – kynjahlutföll.....	10
Stjórn nemendafélagsins - kynjahlutföll.....	11
Jafnréttisfulltrúi fór á málþing .....	12
Fyrir næsta ár .....	14

## Inngangur

Samkvæmt Jafnréttisáætlun skólans skal jafnréttisfulltrúi starfa í samráði við aðra starfsmenn og setja á fót nefnd. Freyja Rós Haraldsdóttir hefur gegnt þeirri stöðu en Karen Dögg Bryndísardóttir leysti hana af þetta skólaár á meðan Freyja var í fæðingarorlofi. Halldór Páll Halldórsson skólameistari ber ábyrgð á jafnréttisstarfi í Menntaskólanum að Laugarvatni og að skipa verkefnastjórn í málflokknum er einmitt partur af því að framfylgja jafnréttisáætluninni.

Það tekur auðvitað tíma að setja sig inn í nýja verkefnastjórnastöðu og þótt alltaf megi gera betur er óhætt að segja að almennt hafi tekist vel til.

Hér verður stiklað á því helsta sem jafnréttisfulltrúi í samstarfi við jafnréttisnefnd stóð fyrir á árinu.

## Fundir

Fundað var með jafnréttisnefnd einu sinni í mánuði, þá var sest niður í Héraðskólanum og nemendum boðið upp á gos (einu sinni pizzu) og ýmis mál voru rædd. Í jafnréttisnefnd sitja nemendur úr hverjum bekk ásamt jafnréttis- og skólaráðsfulltrúum. Fengnir voru inn nýjir meðlimir úr fyrsta bekk í byrjun skólaárs og tókst það vel til. Ingunn Ýr Scram og Þórný Þorsteinsdóttir skipuðu embætti jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa en Andrea Sigurðardóttir og Jóhanna Sigrún Haraldsdóttir tóku við embættinu við stjórnarskiptin.

Meðlimir jafnréttisnefndar eru saman í lokuðum hóp á facebook þar sem hægt er að ákveða fundi og ræða málin en þar er einnig stallari nemendafélagins. En það er afar mikilvægt að starf jafnréttisnefndar sé partur af nemendafélaginu og mál þeirra rati þangað og að þau fái meðbyr þar. Nefndin hefur verið að vinna að settri aðgerðaráætlun með skýrum markmiðum líkt og kom fram í skýrslunni í fyrra.

Hér mun verða stiklað á því helsta sem kom frá á fundunum, hvað þau vildu helst bæta og hvaða mál komu upp sem þarf að huga betur að:

### Mímingur

Mikil óánægja varð meðal jafnréttisnefndar eftir fyrsta slúðurblað nemendafélagsins og komu þau sérstaklega til mín og báðu um fund við ritara um málið.

Við funduðum um málið og áréttum að það væri afar mikilvægt að láta jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa lesa blaðið yfir áður en það er gefið út. Einnig setjum við stórt spurningamerki við það að taka myndir af fólki í heitfengum kossum, það er mjög viðkvæmt og sérstaklega þegar lengri tíma er litið. Horfa þarf einnig til nýrra persónuverndarlaga í tengslum við það. Næsta tölublað var skárri en enn voru myndir í blaðinu sem jafnréttisfulltrúi setur stórt spurningamerki við.

### Kvemel og Kamel

Jafnréttisnefnd hefur ítrekað lýst yfir áhyggjum sínum hvað varðar Kvemel og Kamel og það er eitthvað sem þarf að skoða betur. Ýmsar hefðir eru þar við lýði sem eru góðar og gildar og má þar nefna pizzu og ís veislu þar sem strákar og stelpur keppast við að safnast saman án þess að hitt kynið komist að því. Vissulega má setja spurningamerki við slíka tvíhyggju og hvert þeir nemendur ættu að fara sem finna sig ekki í hvorugum hópnum. Þetta er afar vandmeðfarið, svo er ljóst. Einn nemandi sem situr í jafnréttisnefnd hefur meðal annars sagt frá því að hann vilji ekki taka þátt í þessu, honum líður ekki vel með það og finnst þetta fara úr böndunum.

Jafnréttisnefnd lýsti því að svokölluð öskurkeppni hefði ekki endað vel síðast og þarf að taka til skoðunar. Til að mynda fóru strákarnir úr að ofan og nokkrar stelpur tóku sig þá til og gerðu það líka. Einhver særandi ummæli fóru þá í gang og mikil spennan verður í slíkri öskurkeppni sem hefur endað með særingum.

Ég fór og ræddi við Halldór Pál um málið og nemendur fóru með erindið á nemendaráðsfund, gott væri að setjast niður með allri nefndinni áður en þessi keppni verður næst og ræða málin. Það er spurning hvort þurfi að hafa einhvers konar reglur og þá þurfa auðvitað að gilda sömu reglur fyrir alla. Best væri að það kæmi frá þeim sjálfum og reynt sé að ræða málin opinskátt áður en gripið sé til slíkra aðgerða. Ég bauð þeim að ég gæti komið með þeim á fundinn en það væri jafnvel sterkara að byrja á því að þau ræddu málin og gera alla meðvitaða um stöðuna, taka það fram á félagsfundum. Ef ekkert breytist við það þurfum við að endurskoða málin.

### Leikritið

Áður en leikritið hófst á fullu fengum við þau Högnu og Esther nemendur og leikstjóra á fund með okkur. Við ræddum saman um mikilvægi þess að brjóta upp staðalímyndir og reyna að hafa kynjahlutfallið sem jafnast (sem getur auðvitað verið erfitt í skóla þar sem kynjahlutfallið er almennt mjög skakkt- fleiri stúlkur við skólann). Þau settu upp leikritið: Með allt á hreinu og tókst afar vel.


### Útvarp Benjamín

Ánægjulegt er að mun fleiri stelpur komu fram á útvarpsþáttum skólans og hefur það einmitt verið sérstakt málefni jafnréttisnefndar. Á fundi hjá okkur fyrir skráningu það ég alla að hvetja stúlkur sérstaklega til þátttöku, það gekk eftir.

Ýmislegt annað var rætt á fundum, eins og ML tímar og áherslur stjórnarinnar, en þau vilja hafa sýnileikann meiri. Hvað varðar það að geta leitað sér aðstoða um ýmis mál, hvert geta þau leitað ef eitthvað kemur upp líkt og öskurkeppnin.

### Hinsegin vika

Í samráði við 1. árs nema í kynjafræði sem svo heppilega vildi til að Karen Dögg kennir líka var ákveðið að halda svokallaða Hinsegin viku. Nemendur tóku sig til og skreyttu skólann með blöðrum, fánum og plakötum þar sem hinn ýmsan fróðleik mátti finna. En nemendur fengu einmitt fræðslu frá samtökunum 78 áður en hinsegin vikan gekk í garð. Stéttin var krítuð í marglitum og hinsegin fáninn var dregin að húni. Sýnileika hinsegin málefna var þannig gerður að veruleika en þannig sköpum við meðal annars öruggt umhverfi fyrir hinsegin nemendur og fögnum fjölbreytileikanum.



Þess má einnig geta að starfsfólk skólans fékk einnig fræðslu frá samtökunum '78, þar sem Sólveig Rós fræðslufulltrúi kom til okkar með áhugavert erindi og áhugi starfsfólk leyndi sér ekki með spurningum og umræðum. Það er virkilega flott að fá vettvang til að ræða þessa hluti á opinskáan hátt.

Upp kom sú umræða að það væri jafnvel skemmtilegt að hafa hinsegin vikuna í tengslum við dragkeppnina sem nemendafélagið stendur fyrir á hverju ári, það væri þá hægt að enda hinsegin vikuna á því.

### Dansað gegn ofbeldi

Unwomen hefur staðið fyrir samtöðu gegn kynbundnu ofbeldi árlega hér á landi síðan árið 2012 þar sem fólk alls staðar að kemur saman og dansar gegn ofbeldi. Hér á landi hefur fólk safnast saman í Hörpunni, íþróttahúsum og öðrum samkomustöðum. Dansbyltingin hefur yfirskriftina: Milljarður rís en viðburðurinn sameinar fólk í yfir 200 löndum í dansi gegn misbeitingu, mótlæti og ofbeldi í daglegu lífi. Þess má geta að á hverjum degi upplifa konur í heiminum kynbundið ofbeldi eins og kynferðislega áreitni og heimilisofbeldi. Ennþá eru milljónir kvenna giftar fyrir 18 ára aldur og rúmlega þriðjungur kvenna í heiminum hafa einhvern tímann á lífsleiðinni verið beittar kynbundnu ofbeldi.

Þar sem við höfum ekki gott tækifæri til þess að koma saman í Hörpunni þá virti jafnréttisfulltrúi þá hugmynd á jafnréttisfundi hvort við gætum ekki dansað saman í skólanum í hádegishléi. Nefndin tók virkilega vel í það en vildi frekar dansa saman í fyrstu frímínútum þar sem þá eru flestir á staðnum og ekki eins mikið rót á nemendum.

Við skiptum hlutverkum, einn hópur sá um að redda hljóðkerfi og sjá um tónlist. Ég bað þau um að vanda valið á tónlist þar sem því miður er mikið af tónlist sem er beinlínis mjög ofbeldisfullt gagnvart konum og það væri alls ekki við hæfi á viðburði sem þessum, það var þó ekki við öðru að búast en að þau völdu dásamleg lög á borð við: Allt fyrir ástina með Páli Óskari og YMCA með Village People. Annar hópur gerði plaköt með upplýsingum um kynbundið ofbeldið og enn annar hópur sá um að

auglýsa viðburðinn. Teknar voru myndir af viðburðnum og frétt sett inn á heimasíðu skólans.

Þetta var virkilega skemmtilegt og vel heppnað. Það var vel mætt af nemendum og starfsfólki sem hafði orð á því að það hefði verið gott að fá þau í tíma svona fersk og sveitt 😊

Ég myndi klárlega vilja sjá þetta sem hefð hjá okkur, ML dansar gegn ofbeldi. Við erum skóli sem segir fukk ofbeldi! Það vekur athygli, kveikir umræður sem fræða og vekur fólk til umhugsunar.


Sjá hér: <https://unwomen.is/herferdir-verkefni/milljardur-ris/>

## Kyngreindar upplýsingar

Áfram er unnið með gagnagrunn í Excel skjali sem vistað er í hópnum *Jafnréttisnefnd* í Office 365. Jafnréttisfulltrúi geymir skjalið líka í fórum sínum. Hér fyrir neðan er töflur og myndir sem sýna kynjahlutföll í nemendahópnum, í hópi starfsfólks og kennara, nefndum og ráðum og stjórn nemendafélagsins.

### Nemendur – kynjahlutföll


Kynjaskekkja í hópi nemenda jókst enn á milli ára. Haustið 2019 innrituðust 140 nemendur, 50 strákar (36%) og 90 stelpur (64%). Þróun kynjaskiptingar í nemendahópnum hefur síðustu þrjú ár hefur verið á einn veg, eins og sjá má á mynd 1. Strákum fækkar hlutfallslega.



Í öllum bekkjum voru stelpur í meirihluta. Skiptingin var jöfnust í 2N (46/54%) og 3N (41 /59%). Ójöfnust var hún í 1N (29/71%) og 2F (24/76%). Í 1F voru strákar 36% og í 3F voru þeir 38%. Að meðaltali er skekkjan aðeins meiri í F bekkjunum (32% strákar) heldur en í N bekkjunum (39% strákar).


Á vef Hagstofunnar eru upplýsingar um það hvernig kynjahlutföllin voru í ML á árunum 1997-2006. Strákar voru þá aldrei minna en 45% nemenda (sjá mynd 2). Ekki liggja fyrir gögn um kynjahlutföll nemenda í ML á árunum 2007-2016.





**Á landsvísu** voru kynjahlutföllin á árunum 1995-2016 þannig meðal útskrifaðra með almennt stúdentspróf að strákar voru á bilinu 36-42%. Staðan í ML hefur því verið jafnari en almennt gerðist á síðustu áratugum, en nú virðumst við vera að færast í átt til meiri skekkju. Það væri fróðlegt að vita hvað hefur gerst á landsvísu á síðustu þremur árum, en ekki fundust tölur um það. Gögn frá hagstofunni benda ekki til að skýringa sé að leita í ójöfnum kynjahlutföllum almennt í hópi drengja á þessum aldri, á suðurlandi. Þeir hafa verið í kringum 50% síðustu ár.


Í hópi útskriftarnema hefur kynjaskekkja aukist síðustu þrjú árin. Skiptingin var þó svo til jöfn í hópi þeirra sem útskrifuðust eftir þriggja ára nám árið 2018. Til samanburðar voru strákar 41% útskrifaðra með almennt stúdentspróf á landinu í heild árið 2016 (nýjustu tölur sem fundust).



## Nefndir og ráð - kynjahlutföll

Kynjahlutföll í nefndum og ráðum ML		2018	
Allar nefndir og ráð	kk	20	34%
	kvk	38	66%
Foreldraráð	kk	0	0%
	kvk	3	100%
Mötuneytisráð	kk	2	40%
	kvk	3	60%
Samstarfsnefnd	kk	1	33%
	kvk	2	67%
Sjálfsmatsnefnd	kk	3	43%
	kvk	4	57%
Skólanefnd	kk	4	40%
	kvk	6	60%
Skólaráð	kk	2	50%
	kvk	2	50%
Umhverfisnefnd	kk	2	67%
	kvk	1	33%
Jafnréttisnefnd	kk	1	17%
	kvk	5	83%
Dagamunanefnd	kk	3	33%
	kvk	5	56%
Heilsuefandi framhaldsskóli	kk	2	33%
	kvk	4	67%
Starfsmannafélagið	kk	0	0%
	kvk	3	100%
Heildarfjöldi:		58	

Mynd 4



Mynd 5


Kynjahlutföll í nefndum og ráðum hafa verið nokkur síðustu ár. Þau endurspeglar að einhverju leiti kynjahlutföll í nemendahópnum og í hópi starfsfólks, en full ástæða er til að vinna að jafnari skiptingu, svo að karlar jafnt sem konur komi að stefnumótun og ákvörðunartöku í ML.

## Starfsfólk og kennarar – kynjahlutföll

Yfir veturinn störfuðu í heildina 13 karlar (37%) og 22 konur (63%) í ML.

Kynjahlutföll í starfsmannahópi ML		2018		2019	
Allt starfsfólk	kk	16	38%	13	36%
	kvk	26	62%	23	64%
Mötuneytið	kk	4	80%	4	80%
	kvk	1	20%	1	20%
Ræstingar	kk	3	38%	2	25%
	kvk	5	63%	3	38%
Stjórnendur og kennarar	kk	7	37%	5	26%
	kvk	12	63%	11	58%
Heimavist	kk	2	50%	2	50%
	kvk	2	50%	2	50%
Skrifstofa (gjaldkeri, ritari, kerfisstjóri, bókasafn)	kk	0	0%	0	0%
	kvk	4	100%	4	100%
Þvottahús	kk	0	0%	0	0%
	kvk	2	100%	2	100%
Heildarfjöldi starfsfólks (þ.e. stöður):		42		36	
Kerfið (Áslaug, Halldór Páll, Lára)	kk	1	33%	1	33%
	kvk	2	67%	2	67%
Bara kennarar	kk	6	33%	4	27%
	kvk	12	67%	11	73%










Mynd 6




Mynd 7

## Stjórn nemendafélagsins - kynjahlutföll

- Ef skoðuð er **kynjaskekkjan síðustu 5 ár** þá er hún oftast meiri heldur en í heildina 2006-2018.
  - Nema í árshátíðarformanni og tómstundarformanni, þar er staðan jafnari á síðustu 5 árum en á tímabilinu í heild.
- **Embætti Stallara** er það eina sem við sjáum **öfug kynjahlutföll** síðustu 5 ár miðað við 2006-2018. 4/5 hafa verið stelpur, sem er 80%. Sama hlutfall til 5 ára eins og í fyrra, en nú er stallari strákur í fyrsta skipti frá 2014.
- **Varastallari** hafa einungis verið stelpur síðustu 5 ár en **íþróttarformenn** hafa einungis verið strákar síðustu 8 árin.
- **Tómstundarformaður og skemmtinefndarformenn** hafa verið mjög hefðbundin strákaembætti en eru nú skipuð stelpum.
- Séu kynjahlutföllin 2006-2018 borin saman við 2006-2019 kemur þetta í ljós:
  - Skekkjan eykst í 7 tilvikum (ríkjandi skipting fest í sessi).
    - Stallari, varastallari, gjaldkeri, ritnefndarformaður, vef- og markaðsfulltrúi, jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar, íþróttarformenn.
  - Skekkjan minnkar í 3 tilvikum (ríkjandi skipting brotin upp).
    - Árshátíðarformenn, tómstundaformaður, skemmtinefndarformenn.
- Þriðja árið í röð eru strákur og stelpa árshátíðarformenn, en það hafa í gegnum tíðina oftast verið stelpur.



Mynd 8 - 2006-2019



Mynd 9

## Jafnréttisfulltrúi fór á málþing

Þann 18. febrúar fékk jafnréttisfulltrúi það tækifæri að komast á málþing um stafrænt kynferðisofbeldi sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík af stýrihóp um heilstæðar úrbætur er varðar kynferðisofbeldi. Virkilega áhugavert og mikilvægt málefni sem er vel þess virði að segja frá hér.

Þau sem tóku til máls voru: María Rún Bjarnadóttir lögfræðingur og doktorsnemi við Sussex háskóla í Bretlandi sem fjallaði um mögulega vernd gegn stafrænu kynferðisofbeldi, Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðsaksóknari sem fjallaði um heimfærslu stafræns kynferðisofbeldis til refsíákvæða og dómaframkvæmd, Helgi Hrafn Gunnarsson sem kynnti frumvarp um stafrænt kynferðisofbeldi, Dr. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir sem sagði frá niðurstöðum úr könnun Rannsóknna og greiningar Ungt fólk 2018 og að lokum kom Brynhildur Björnsdóttir leikstjóri upp og greindi frá myndinni: Myndin af mér, sem fjallar um lífsreynslu ungs fólks af slíku ofbeldi. Dr. Ásta Jóhannsdóttir nýdoktor í fötlunarfræðum forfallaðist.

Að lokum voru pallborðsumræður og fundarstjóri var Halla Gunnarsdóttir formaður stýrihópsins og ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Líkt og gefur að skilja þá er ekki hægt að fara fyrir allt sem fram kom á þessum fundi heldur verður sagt frá því helsta.

Lengi var talað um stafrænt kynferðislegt ofbeldi sem hrelliklám (revenge porn) þar sem dreifðar eru nektarmyndir án samþykkis þess sem myndin er af, það geta einnig verið myndbönd. Það er afar misjafnt hvernig myndin eða myndböndin fara í dreifingu, stundum eru það fyrrverandi makar sem eiga myndir sem þau svo dreifa, stundum til að hefna sín á viðkomandi (þaðan kemur hugtakið hrelliklám), stundum fyrir peninga og stundum einfaldlega ætlar einstaklingur að senda hana áfram á einn vin (sem er auðvitað ekki í lagi) og kemst þannig áfram. Það þekkist líka að hakkað sé inn í tölvur viðkomandi og myndir teknar og dreifðar, einnig þekkist það að myndir eru teknar þegar tölvur eru sendar í viðgerð. Svo það er alveg ljóst að málin eru fjölbreytt og þau geta verið flókið. Þau eru hins vegar undantekningarlaust afar alvarleg og hafa raunverulegar og alvarlegar afleiðingar fyrir þolendur. Það er erfitt að koma myndum sem þessum úr dreifingu, því þegar mynd er komin á netið þá dreifist hún fljótt, þótt hún sé tekin af á einum stað er hún enn til á öðrum stað og svo framvegis. Afleiðingarnar eru því langvarandi og þarna ertu sviptur þínu kynfrelsi. Þess vegna er svo mikilvægt að tala um þetta sem kynferðislegt ofbeldi. Því það er það sem þetta er og afleiðingarnar eru í takt við það.

Það sem við í nútímasamfélagi stöndum frammi fyrir er að reyna að setja þetta í lög, því enn sem komið er eru engin heildstæð lög gegn þessu þótt farið hafi verið krókaleiðir í réttarkerfinu til að sækja menn til saka. Erfiðara er að sækja fólk til saka þegar það tengist ekki en það hefur verið hægt að sækja fólk til saka sem fyrrverandi eða núverandi maka (alvarlegar ærumeiðingar gagnvart fyrrverandi maka). Þetta hefur svo til að mynda verið meðhöndlað sem friðhelgisbrot en stýrihópurinn vill sjá þetta meðhöndlað sem kynferðisbrot. Þá vandast þó málið því það er mikilvægt að við tröðkum ekki á kynfrelsi einstaklinga í leiðinni. Fólk má taka kynferðislegar myndir af sér og senda hana með samþykki viðtakanda. Ásetningur skiptir þannig gríðarlegur máli.

Einnig vandast málið sérstaklega þegar við erum að tala um ungmenni undir 18 ára aldri, því samkvæmt lögum er það barnaklám. Það var áberandi hjá stýrihóp að vilja

samt vernda kynfrelsi þeirra, við erum kynverur, þetta er nýr heimur, tækniheimur og við þurfum að takast á hann saman, með lögum og fræðslu. Rannsóknir sýna að unglingar senda mikið af slíkum myndum sín á milli og það er mikil pressa til þess. Það er ekki lausn að bera þeim skömm fyrir það og setja ábyrgð á þolendur (þú áttir ekki að taka mynd af þér og senda hana), gerendur þurfa að bera hér ábyrgð líkt og í öðrum kynferðisbrotamálum, þeir ættu einfaldlega ekki að dreifa mynd sem þeir hafa ekki leyfi til.

Til að taka þetta saman, þá er mikilvægt að fræða börn og unglinga um ábyrgð slíkra mynda og ef að þau dreifa myndum af hvert öðru undir 18 ára eru þau einfaldlega að dreifa barnaklámi samkvæmt lögum. Við ættum að setja ábyrgð á gerendur og tækla þetta sem kynferðisbrot.

### Fyrir næsta ár

Það sem þarf að hafa í huga á næsta ári er að fylgja þessu eftir hvað varðar kvenna- og karlafélögin, Kvemel og Kemel, og skólablaðið Míming. Það er áframhaldandi vinna sem gerist ekki á einni nóttu. Það þarf líka samstöðu í því máli.

Það þarf að panta fyrirlestur sem allra fyrst á haustönn en þau hafa lýst yfir áhuga sínum að fá Þorstein sem er með síðuna karlmennskan og Sólborgu sem er með síðuna fávitar á instagram. Þau hafa farið í skóla með fræðslu og fyrirlestra og það væri virkilega áhugavert. Það þarf auðvitað að skoða kostnað þess og fá leyfi fyrir því. Karen Dögg sendir þeim fyrirspurn og verður í sambandi við Freyju Rós og Halldór Pál um málið.

Að lokum er umhugsunarvert hversu fáir strákar eru við skólann og það er að sjálfsgöðu stórt verkefni að reyna að greina það og bæta.